

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmsbær Ögur



Dags eftirlits	24.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Stykkishólmsbær	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnargötu 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620269 7009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Örn Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	370295,874 514886,814

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram. Enn eru opið frávik frá árinu 2019 þar sem urðunarstaðurinn starfar án starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar. Eftirlitið fólst fyrst og fremst í skoðunarferð á urðunarstaðinn og stuttum fundi með fulltrúa rekstraraðila. Urðunarstaðurinn hefur verið án starfsleyfis frá 1. júní 2018 og hefur starfsleyfisvinnslan gengið hægt vegna skipulags- og tæknilegra vandamála við urðunarstaðinn. Erfiðlega hefur gengið að finna vatn fyrir mælibrunna sem skylt er að hafa samkvæmt reglugerð. Ákveðið hefur verið að Umhverfisstofnun og rekstraraðili ásamt ráðgjafa sínum fundi á næstunni um málið og reynt verði að leysa úr því.

Engar athugasemdir eru gerðar við urðunarstaðinn. Hann er skipulagður og snyrtilegur. Þar fer fyrst og fremst fram jarðgerð úr þeim lífræna úrgangi sem sérsafnað er í sveitarfélaginu og nágrannasveitarfélögum. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila kemur aðallega inn óvirkur úrgangur ef framkvæmdir eru í sveitarfélaginu.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.11.2021

Sigríður Magnúsdóttir